



Leiðbeiningar fyrir stjórnendur í skólasamfélaginu

Innihald leiðbeininga

1. Staðfest smit.....	2
2. Smitrakningarteymi hefur samband	2
3. Ábyrgð stjórnanda.....	2
4. Stuðningsteymi.....	3
5. Úrvinnslusóttkví	3
6. Smitrakning	4
7. Úrvinnsla og upplýsingagjöf til SRT	4
8. Fyrstu skilaboð til foreldra/forráðamanna/viðkomandi starfsfólks.....	5
9. Skilaboð fyrir úrvinnslusóttkví.....	5
10. Skilaboð fyrir sóttkví.....	5
Bréf 1 – Ákvörðun um úrvinnslusóttkví.....	6
Bréf 1 - Enska - Ákvörðun um úrvinnslusóttkví.	7
Bréf 1 - Pólska - Ákvörðun um úrvinnslusóttkví.	8
Bréf 2 – Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. Heimilað að mæta aftur.....	9
Bréf 2 - Enska - Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. Heimilað að mæta aftur.	10
Bréf 2 - Pólska - Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. Heimilað að mæta aftur.	11
Bréf 3 – Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. Sett í sóttkví.	12
Bréf 3 - Enska - Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. Sett í sóttkví.....	13
Bréf 3 - Pólska - Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. Sett í sóttkví.....	14
Bréf 4 – Tilkynning að viðkomandi eigi að fara í sóttkví.....	15
Bréf 4 - Enska - Tilkynning að viðkomandi eigi að fara í sóttkví	16
Bréf 4 - Pólska - Tilkynning að viðkomandi eigi að fara í sóttkví	17
Bréf 5 – Frekari upplýsingar og hvatning um heimanám	18
Bréf 5 - Enska - Frekari upplýsingar og hvatning um heimanám.....	19
Bréf 5 - Pólska - Frekari upplýsingar og hvatning um heimanám.....	20

1. desember 2020

Efni: Ferli þegar upp kemur smit í leik-, grunn- og tónlistarskóla, frístundastarfi og hjá dagforeldrum.

Ákjósanlegt er að hvert sveitarfélag myndi stuðningsteymi (ST) sem samanstæði af 2-3 aðilum sem styðji við skólustjórnendur þegar upp kemur smit. Jón Viðar og Þóra Kristín hjá almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS) eru bakland fyrir ST. Sama teymi gæti stutt við aðra starfsemi sveitafélagsins ef upp koma smit þar.

Mikilvægt er fyrir skólustjórnendur leik-, grunn- og tónlistarskóla, stjórnendur frístundarstarfs og dagforeldra (hér eftirleiðis kallaðir stjórnendur) að hafa í huga að mögulega þarf að senda foreldrum/forráðamönnum barna í sóttkví nánari upplýsingar t.d. leiðbeiningar embættis landlæknis um sóttkví og börn í sóttkví¹. Sóttkví getur reynst mörgum erfið lífsreynsla og er því æskilegt eins og kostur er að fylgjast með líðan barna og starfsfólks við þessar aðstæður. Stjórnendur eru hvattir til að ítreka við sína starfsmenn mikilvægi þess að virkja covid appið, sem einfaldar og styttr smitakningu hjá smitakningarteymi. Hér á eftir er ferlið sem unnið skal eftir þegar upp kemur smit og neðst er að finna sniðmát að bréfum til að senda heim á íslensku, ensku og pólsku.

1. Staðfest smit

Barn/starfsmaður greinist jákvæður í COVID-19 prófi, COVID göngudeild hefur samband við foreldri/forráðamann/viðkomandi og kynnir honum niðurstöðuna. Sá smitaði fer í kjölfarið í einangrun² og er í eftirfylgni hjá COVID göngudeild LSH.

2. Smitakningarteymi hefur samband

Starfsmaður smitakningarteymis almannavarna³ (SRT) hefur samband við þann smitaða og lætur stjórnanda skóla/leikskóla vita, SRT lætur vita hvort rekja þurfi smitið og frá hvaða degi. .

SRT gefur upp T- númer og er notað sem heiti í Excel skjalinu. T-númer⁴ er númerið á viðkomandi smiti og er hægt að vísa til í samskiptum varðandi þetta smit milli SRT, skóla og ST. Stjórnandi fyllir út excelskjal með upplýsingum um þá sem þurfa að fara í sóttkví. Ekki má breyta uppgefnum dálkum í excelskjalinu þar sem það er keyrt í gegnum fyrirfram skilgreindan gagnagrunn.

Mikilvægt er að netfang og símanúmer sé gefið upp í skjalinu þar sem það er notað til að koma skilaboðum frá SRT sem er **forsenda** þess að sóttkví geti verið stytta úr fjórtán dögum í sjö. Séu þessar upplýsingar ekki til staðar þá fær viðkomandi ekki boð um að koma í skimun á degi sjö.

Hafa ber í huga að það getur tekið einhverja klukkutíma fyrir smitakningarteymið að hafa samband.

Hafi einstaklingur sem þarf að fara í sóttkví verið í samskiptum við þann smitaða á mánudegi fer hann í sýnatöku mánudeginum þar á eftir sem er sjöundi dagur. Þar sem dagurinn sem þeir voru í samskiptum telst sem dagur 0.

3. Ábyrgð stjórnanda

Stjórnandinn er með mestu yfirsýnina og þekkir sína starfsemi best, hann ber því ábyrgð á því að horft sé á heildarmyndina og fyllstu varúðar sé gætt. Mikilvægt er að taka fram að smitakning er samstarfsverkefni stjórnanda, ST og SRT þar sem verkefnið getur verið

¹ Sjá reglugerð nr. 800/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19 með áorðnum breytingum.

² Sjá reglugerð nr. 800/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19 með áorðnum breytingum.

³ Smitakningarteymi almannavarna er teymi sérfræðinga úr röðum lögreglunnar og hjúkrunarfræðinga sem hefur það hlutverk að rekja smitin af völdum veirunnar, COVID-19, og hafa samband við fólk sem þarf að fara í sóttkví.

⁴ T númer er númer sem hverri jákvæðri niðurstöðu úr COVID-19 prófi er gefið. Númerið er síðan m.a. notað í smitakningu á viðkomandi smiti til að aðgreina það frá öðrum tilfellum. Engir tveir einstaklingar sem hafa greinst jákvæðir í COVID-19 prófi fá sama T-númerið enda er hér um að ræða raðnúmer.

umfangsmikið. Stjórnandinn þekkir hlutverk þess smitaða, hverja hann umgengst/með hverjum hann starfar, ekki er hægt að útiloka að samskipti og athafnir þess smitaða utan skólans geti einnig haft áhrif á niðurstöðu rakningar. Stjórnandi sér því um að koma upplýsingum til frístundaheimilis/félagsmiðstöðvar/skóla/íþróttastarf ef við á.

Stjórnandi sér til þess að koma á tengingu við SRT, sé tenging ekki komin á nú þegar. Hægt er að komast í tengsl við SRT með því að senda tölvupóst á rakning@logreglan.is. Stjórnandi aðstoðar SRT við að rekja ferðir og samskipti þess smitaða inni á staðnum. Hann ber einnig ábyrgð á allri upplýsingagjöf til SRT og miðlun upplýsinga frá SRT til þeirra sem vinna að smittrakningu með honum. Fylla þarf út excelskjal í samráði við þann smitaða með upplýsingum um einstaklinga sem hafa verið í tengslum við hann og eru þar af leiðandi mögulega smitaðir. Stjórnandi skal vera í sambandi við þá einstaklinga sem mögulega eru smitaðir til að geta staðfest atburðarásina og rekja ferðir enn frekar.

Stjórnandi ber einnig ábyrgð að upplýsa foreldra/forráðamenn um stöðu mála og næstu skref, Hér aftur í þessum leiðbeiningum er að finna sniðmát, á íslensku, ensku og pólsku fyrir mismunandi skilaboð til þeirra.

4. Stuðningsteymi

Eins og fram kemur í kaflanum hér að framan er ábyrgðin á smittrakningu á hendi stjórnanda í samstarfi við SRT og ST. Hlutverk ST er að vera stuðningur við stjórnandann í smittrakningu og passa upp á samræmingu á milli tilvika og að farið sé eftir meginreglum smittrakningar. Smitrakning getur bæði verið tímafrek og umfangsmikil en mikilvægt að hún taki ekki of langan tíma.

5. Úrvinnslusóttkví

Sé talið að tilvikið sem tengist uppkomnu smiti sé strax í upphafi það umfangsmikið og að mörg vafamál séu varðandi umgengni og/eða samneyti þess smitaða þá er engin áhætta tekin heldur er svæðinu lokað tímabundið. Horft er út fyrir hólfun og þau sem óvissa er um að hafi verið í samskiptum við hinn smitaða eða starfa á svæðum sem hann hefur verið á síðustu 24 til 48 klst. eru sett í úrvinnslusóttkví⁵ (sjá nánar um tímamörk í kafla 6).

Stjórnandi í samvinnu við ST getur tekið ákvörðun um úrvinnslusóttkví meðan verið er að koma á tengingu við SRT. Hún stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður á frekari sýnatöku liggja fyrir en þó aldrei lengur en í tvo sólarhringa/daga frá þeim tíma sem hún hefst. Hér að neðan er sniðmát að bréfi til að senda heim til foreldra þegar ákvörðun um úrvinnslusóttkví liggur fyrir þar er að finna nánari upplýsingar um hvað úrvinnslusóttkví felur í sér. Þeir aðilar sem fara í úrvinnslusóttkví eiga að fylgja þeim fyrirmælum sem gilda í sóttkví. Í sumum tilvikum er ekki þörf á úrvinnslusóttkví heldur liggur málið ljóst fyrir og er auðvelt í vinnslu og þá er strax gripið til sóttkvíar fyrir þá sem málið varðar.

Ef barn hefur ekki þroska eða getu til að vera eitt í sóttkví þarf einhver t.d. foreldri að vera með barninu í sóttkví, og sami aðili allan tímann. Ef aðrir á heimilinu dvelja þar áfram þarf að tryggja nándarmörk og passa upp á þrif og sóttthreinsun, sé það hægt þurfa þessir heimilismeðlimir ekki að fara í sóttkví og geta áfram sótt skóla eða vinnu. Sé ekki hægt að virða nándarmörk þarf allt heimilið að fara í sóttkví eða þeir sem ekki eru í sóttkví að fara annað um leið og til sóttkvíar kemur. Frekari upplýsingar um börn og sóttkví er að finna í kafla 10.

⁵ Úrvinnslusóttkví hefur verið notað yfir ráðstöfun þar sem sóttkví er skipuð á meðan unnið er að smittrakningu. Meðan á úrvinnslusóttkví stendur eru aðilar í sóttkví (einstaklingur, heimili, bær, landsvæði) og þeir fara eftir leiðbeiningum um sóttkví nema ef allir á heimili eru undir þessari ráðstöfun þá má einn af hverju heimili yfirgefa heimilið í einu til að afla aðfanga.

6. Smitrakning

Stjórnandi hefur það hlutverk eins og áður hefur komið fram að aðstoða SRT við að rekja ferðir og samskipti þess smitaða t.d. með því að leita eftir frásögnum annarra starfsmanna. Í þeirri vinnu nýtur hann ráðgjafar og stuðnings ST sem felur meðal annars í sér greiningarvinnu, kanna aðstæður á starfsstaðnum, samskipti þess smitaða, samskipti við aðra sem mögulega voru í tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi og eða í tengslum við hinn smitaða svo eitthvað sé nefnt.

Í smitragningu⁶ er bæði horft til hvort sá smitaði, hér eftir kallaður A, sé með einkenni eða einkennalaus og getur það haft áhrif á afturvirkni sóttkvíar. Hvert tilvik fyrir sig er háð mati SRT með aðstoð sóttvarnalæknis meginreglan er eftirfarandi:

- Miðað er við 24 klst. áður en A fékk fyrstu einkenni óháð því hvenær smitið var staðfest í sýnatöku.
- Ef A er einkennalaus er afturvirkni sóttkvíar metin sérstaklega frá 24 til 48 tíma.

Þegar tímabil sem miða á við í rakningu liggur fyrir þarf að rekja ferðir og samskipti A m.a. út frá eftirfarandi:

- Miðað er við ef B er innan 2 metra í meira en 15 mín. með A þá skal B fara í sóttkví frá útsetningu⁷ fyrir smiti.
- Einnig er horft til þess ef fólk er í nánum samskiptum í lengri tíma innan sama hólfis þar sem erfitt er að fullyrða að viðkomandi hafi ekki verið innan 2 metra frá A og margir sameiginlegir snertifletir eru.
- Það getur kallað á sóttkví eigi einstaklingar í ítrekuðum samskiptum yfir daginn með 1 metra fjarlægð þó það sé ekki lengur en 15 mínútur í senn.
- Fór A á milli hólfra, tímalengd viðveru í hverju hólfi og mögulegir snertifletir.
- Eru reglubundin þrif á snertiflötum eða ekki, taka fram hversu oft á dag/viku.

Mikilvægt er að hafa í huga að rakning er alltaf mat á aðstæðum mikilvægt er að eiga góð samskipti við A og leggja áherslu á að sú staða sem upp er komin er ekki á ábyrgð hans né honum að kenna.

7. Úrvinnsla og upplýsingagjöf til SRT

Stjórnandi ber ábyrgð á úrvinnslu gagna og upplýsingagjöf til SRT. Upplýsingum til SRT er miðlað með tölvupósti á netfangið rakning@logreglan.is sem inniheldur excelskjál sem viðhengi:

- Stjórnandi skal að lokinni rakningu skrá í excelskjalið og upplýsir um þá sem hafa verið í samskiptum við hinn smitaða frá x degi samkvæmt þeirra bestu vitund. ST leiðbeinir um skráningu í skjalið eftir þörfum.
- Ef starfsmaður er skráður í skjalið skal skrá nafn, kennitölu, símanúmer, netfang og samneyti starfsmanna við þann smitaða.
- Ef barn er skráð í skjalið skal skrá nafn og kennitölu ásamt nafni, kennitölu og símanúmeri foreldri/forráðamanns sem og netfang. Einnig samneyti barns við þann smitaða.
- Stjórnandi skal síðan senda excelskjalið útfyllt á SRT á netfangið rakning@logreglan.is og setja T-númerið í efni (subject). Mikilvægt er að

⁶ Smitrakning er umfangsmikil aðgerð til að rekja smit, það er að rannsaka hverjir hafa hugsanlega verið útsettir fyrir sýktum einstakling. Smitrakningateymi almannavarna, tekur ákvörðun í hverju tilfelli fyrir sig hverjir þurfa að fara í sóttkví.

⁷ Einstaklingur sem hefur umgengist veikan einstakling með COVID-19 hefur verið útsettur. Með því er átt við að hafa verið innan við 1–2 metra frá veikum einstaklingi meðan hann var með hósta eða hnerra, eða hafa snert hann, sofið í sama rúmi, dvalið í sama húsnæði eða verið í sama farartæki. Einkenni COVID-19 koma fram innan 14 daga frá smiti, svo aðeins þeir sem hafa verið útsettir innan 14 daga eru álitnir í hættu á að veikjast.

stjórnandi skrái einnig sitt nafn, símanúmer og netfang í skjalið til að auðvelda frekari samskipti.

Í skjalinu sem stjórnandi sendir á SRT eru hans tillögur hverjir eigi að fara í sóttkví s en SRT tekur alltaf endanlega ákvörðun um sóttkví.

Aðilum sem þurfa að fara í sóttkví ber að fara í sýnatöku áður en sóttkví lýkur og sendir smittrakningarteymið stríkamerki í gsm síma foreldra/forráðamanns/starfsmanns sem framvísa þarf við sýnatöku.

8. Fyrstu skilaboð til foreldra/forráðamanna/viðkomandi starfsfólks

Skilaboð til foreldra/forráðamanna og viðkomandi starfsfólks þurfa að berast eins fljótt og mögulegt er. Greina þarf á milli hvort það liggja fyrir ákvörðun um sóttkví eða hvort beita eigi úrvinnslusóttkvíar.

Ef einstaklingar eru fyrst settir í úrvinnslusóttkví þá fer úrvinnsla fram í allt að tvo daga og síðan tilkynnt um niðurstöður innan þess tíma. Hér fyrir neðan eru sniðmát að foreldrabréfum sem eiga við um mismunandi aðstæður á ólíkum tungumálum. Hér fyrir neðan er sniðmát að foreldrabréfum sem eiga við um mismunandi aðstæður.

Mikilvægt er að nota það kerfi sem að öllu jöfnu er notað til að miðla upplýsingum t.d. tölvupóstur, Karellen appið, Mentor, Námsfús eða Inna.

9. Skilaboð fyrir úrvinnslusóttkví

Ef óljóst er í upphafi hverjir eru útsettir fyrir uppkomnu smiti, eða ef smittrakning er mjög umfangsmikil, getur verið rétt að grípa til þess úrræðis að setja stærri hóp en minni í úrvinnslusóttkví. Það er gert til að gæta fyllsta öryggis og varúðar á meðan unnið er að frekari smittrakningu. SRT tekur ákvörðun um úrvinnslusóttkví að höfðu samráði við stjórnanda. Ef gripið er til úrvinnslusóttkvíar er notast við þrjú bréf og þau bréf valin sem við eiga hverju sinni. Bréf 1 er alltaf sent sem fyrsta bréf.

- Bréf 1 fjallar um að nauðsynlegt sé að setja ákveðinn hó í allt að tveggja daga úrvinnslusóttkví.

Seinna bréfið gæti verið bréf 2 eða bréf 3 allt eftir því hver niðurstaða úrvinnslusóttkvíar er, sjá bréfin hér að neðan. Mikilvægt er að hengja við PDF skjöl með frekari upplýsingum til foreldra eins og við á.

- Bréf 2 er sent ef ekki er talin þörf á frekari sóttkví og er því heimilt að mæta aftur á ákveðnum degi sem er skilgreindur í bréfi 2.
- Bréf 3 er sent þegar niðurstaðan er sú eftir frekari smittrakningu að viðkomandi sem var settur í úrvinnslusóttkví eigi að fara í sóttkví. Þeir dagar sem viðkomandi hefur verið í úrvinnslusóttkví dragast frá þeim dögum sem sóttkví kallar á. Senda með tölvupóstinum PDF með nánari upplýsingum til foreldra um sóttkví vegna barns.

10. Skilaboð fyrir sóttkví

Ef ákvörðun um sóttkví liggur fyrir strax í upphafi og enginn vafi er á hverjir eru útsettir fyrir smiti ber stjórnandi ábyrgð á að foreldrum/forráðamönnum sé tilkynnt um að viðkomandi sé kominn í sóttkví.

- Bréf 4 (fyrra bréfið) fjallar um að nauðsynlegt sé að setja ákveðinn hóp í sóttkví. Einnig er vísað í nauðsynlegar leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví og að fólk kynni sér einkenni COVID-19 ef það koma upp einkenni hjá þeim sem eru í sóttkví.
- Bréf 5 (seinna bréfið) ætti að senda tveim dögum seinna til að staðfesta bréf 4 og undirstrika mikilvægi þess að heimanámi sé sinnt

Mikilvægt er að senda með tölvupóstinum nánari upplýsingar til foreldra um sóttkví barns.

Úrvinnslusóttkví - Sniðmát

Bréf 1 – Ákvörðun um úrvinnslusóttkví.

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til foreldra/forráðamanna sem mögulega tengjast þeim smitaða.

Kæru **xxxxx** foreldrar/forráðamenn barna í **xxx**

Okkur þykir leitt að tilkynna að upp hefur komið COVID-19 smit hjá starfsmanni/barni í segja í hvað bekk/leikskóladeild/frístundaheimili Til að gæta fyllsta öryggis og varúðar ertu vinsamlega beðin/n að hafa barn þitt heima í úrvinnslusóttkví (allt að tveir dagar) á meðan unnið er að frekari smittrakningu í skólanum. Nánari upplýsingar verða sendar út um leið og þær liggja fyrir.

Ef barn hefur ekki þroska eða getu til að vera eitt í sóttkví þarf einhver t.d. foreldri að vera með barninu í sóttkví, sami aðili allan tímann. Ef aðrir á heimilinu dvelja þar áfram þarf að tryggja nándarmörk og passa upp á þrif og sótthreinsun, sé það hægt þurfa þessir heimilismeðlimir ekki að fara í sóttkví og geta áfram sótt skóla eða vinnu. Sé **ekki** hægt að virða nándarmörk þarf allt heimilið að fara í sóttkví eða þeir sem ekki eru í sóttkví að fara annað um leið og til sóttkvíar kemur. Samkvæmt verklagi smittrakningarteymis þá er barnið skráð formlega í sóttkví en forráðamaður sem er með barninu er **ekki** skráður í sóttkví. Barnið fær boð í sýnatöku á sjöunda degi en ekki forráðamaðurinn sem ekki þarf að fara í sýnatöku. Sýnataka eftir 7 daga styttr sóttkví sem annars væri 14 dagar. Barnið má snúa til baka í skólann eftir 7 daga þegar staðfest er að það sé ekki með COVID-19 (eða það hefur lokið 14 daga sóttkví). Ef forráðamaðurinn eða annar á heimilinu fær einkenni þá er hægt að panta sýnatöku á vefsíðunni heilsuvera.is eða hringja í heilsugæsluna ef ekki með ekki aðgang að síðunni. Rétt er að minna á að forráðamaður getur fengið vottorð barns í gegnum heilsuveru til staðfestingar á fjarveru frá vinnu.

Hverjir þurfa að fara í sóttkví ?

- Getur foreldri/forráðamaður barns sem ekki fylgir barni í sóttkví haldið nálægðarmörk og hugað að snertiflötum á heimilinu?
- Geta aðrir á heimilinu sem ekki fylgja barni í sóttkví haldið nálægðarmörk og hugað að snertiflötum ?

Ef svar við þessum spurningum er **nei**, þá þurfa viðkomandi að vera í sóttkví með barni, þó er einungis barnið skráð opinberlega í sóttkví og einungis barnið fer í sýnatöku að 7 dögum liðnum. En fari heimilismeðlimir að finna fyrir einkennum þarf að hafa samband við heilsuvera.is og sækja um að fara í sýnatöku.

Þið getið að sjálfsgöðu leitað til okkar ef eitthvað er óljóst eða viljið koma einhverju á framfæri

Kær kveðja,

Nafn

Starfsheiti

xxx@xxx.is - Sími xxx-xxxx

Fylgiskjöl:

[Heimasóttkví](#)

[Börn í sóttkví](#)

[Upplýsingar fyrir börn og ungmenni](#)

[Börn með sértækar umönnunarþarfir í sóttkví – leiðbeiningar til forráðamanna](#)

[Vottorð vegna sóttkvíar](#)

Úrvinnslusóttkví - sniðmát

Bréf 1 - Enska - Ákvörðun um úrvinnslusóttkví.

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til foreldra/forráðamanna sem mögulega tengjast þeim smitaða.

Dear Parents/Guardians,

We are sorry to inform you that a student/ staff member has been diagnosed with COVID-19. Your child is therefore instructed to stay home from school for two days to enable the Contact Tracing Team to identify any further cases.

Parents or guardians caring for younger children, in need of adult supervision during the quarantine period must also stay in quarantine. Other members of the household who were not exposed to COVID 19 do NOT need to be quarantined and can continue to work and attend school IF they are able to follow social distancing recommendations and specific recommendations for the cleaning and disinfection of households.

If these recommendations cannot be followed and household members wish to remain within the household, then all members of the household must be quarantined. Those members of the household who do not wish to be quarantined must find accommodation elsewhere and move out immediately. The Civil Protection Authority's Contact Tracing Team and the Office of the Medical Director of Health requires the child to be registered in quarantine but NOT the parent. The child will be offered a COVID 19 test on day 7 of the quarantine. The parent/guardian does not need to be tested at this stage. Testing on the 7th day reduces the quarantine period from 14 days to 7 days if the test is negative. The child can return to school on the 7th day if the test proves negative for COVID 19 (or if the child has completed 14 days of quarantine). We advise you to use the online chat at Heilsuvera.is, contact your local healthcare centre or call the 1700 hotline if you believe that anyone in your household is infected. The parent/guardian responsible for the care of the child in quarantine can request a medical certificate for their child, from their local healthcare centre, to cover any absence from work/school.

Who should be quarantined:

- Can the other parent/guardian (not caring for the child) follow social distancing recommendations and specific recommendations for cleaning and disinfection of households?
- Are other members of the household (other than the parent/guardian caring for the child) able to follow social distancing recommendations and specific recommendations for cleaning and disinfection of households?

If you have answered NO to the questions asked above, then you must remain in quarantine with the child in question. However, only the child will be registered in quarantine and tested for COVID 19 on the 7th day of quarantine. If anyone else in the household suspects that they may be infected, then they must contact Heilsuvera.is and request a COVID 19 test.

We request your co-operation to ensure your safety and others. We will provide further information as soon as possible and encourage you to contact us if you have any questions.

Best regards

Name, Occupation, xxx@xxx.is - Sími xxx-xxxx

Fylgiskjöl:

[Heimasóttkví](#)

[Börn í sóttkví](#)

[Upplýsingar fyrir börn og ungmenni](#)

[Börn með sértækar umönnunarbærir í sóttkví – leiðbeiningar til forráðamanna](#)

[Vottorð vegna sóttkvíar](#)

Úrvinnslusóttkví – Sniðmát

Bréf 1 - Pólska - Ákvörðun um úrvinnslusóttkví.

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til foreldra/forráðamanna sem mögulega tengjast þeim smitaða.

Drodzy xxxxx rodzice/opiekunowie dziecka w xxx

Z przykrością powiadamy, że stwierdzono zakażenie wirusem COVID-19 u pracownika/dziecka który/-e uczęszcza do tej samej placówki oświatowej co Państwa dziecko. W celu spełnienia wszelkich środków ostrożności, uprzejmie prosimy, by dziecko pozostało w domu, na kwarantannie (przynajmniej przez dwa dni) do czasu zakończenia dochodzenia epidemiologicznego. Dalsze informacje będą przekazywane na bieżąco.

Jeśli dziecko nie jest wystarczająco dojrzałe lub nie ma możliwości przebycia kwarantanny w odosobnieniu, to ktoś, np. rodzic musi poddać się kwarantannie wraz z dzieckiem. Ta sama osoba, przez cały okres kwarantanny. Jeżeli inne osoby przebywają nadal w mieszkaniu, to należy zapewnić odpowiedni dystans między domownikami oraz osobami na kwarantannie, a także myć i dezynfekować powierzchnie dotykowe. Jeżeli zostaną spełnione te warunki, to domownicy, którzy nie przebywają na kwarantannie mogą nadal chodzić do pracy lub do szkoły. Jeżeli **niemożliwe** jest zapewnienie dystansu, to wszyscy domownicy muszą poddać się kwarantannie lub osoby, które nie muszą poddać się kwarantannie, muszą opuścić mieszkanie. Zgodnie z regulaminem pracy Zespołu ds. śledzenia zakażenia, formalnie na kwarantannę zgłoszone jest tylko dziecko. Opiekun zajmujący się dzieckiem **nie** jest zgłoszony na kwarantannę. Po siedmiu dniach dziecko otrzyma wezwanie na test, opiekun nie musi robić testu. Test wykonany po siedmiu dniach skraca kwarantannę, która zwyczajowo trwa 14 dni. Dziecko może wrócić do szkoły po siedmiu dniach, jeśli otrzyma potwierdzenie, że nie ma COVID-19 (lub gdy zakończyło 14 dni kwarantanny). Jeśli opiekun lub ktoś z domowników będzie mieć objawy, to należy zgłosić się na test korzystając ze strony heilsuvera.is lub dzwoniąc do przychodni. Przypominamy, że opiekun może otrzymać zaświadczenie o przebyciu kwarantanny przez dziecko jako usprawiedliwienie nieobecności w pracy. Zaświadczenie można pobrać na stronie heilsuvera.is

Kto musi poddać się kwarantannie?

- Czy rodzic dziecka, który nie jest wraz z nim na kwarantannie, jest w stanie zachować dystans i pamiętać o powierzchniach dotykowych w domu?
- Czy pozostali domownicy, którzy nie są z dzieckiem na kwarantannie, są w stanie zachować dystans i pamiętać o powierzchniach dotykowych w domu?

Jeśli odpowiedź na te pytanie jest **nie**, to dana osoba musi poddać się kwarantannie wraz z dzieckiem, mimo to, że formalnie tylko dziecko jest zarejestrowane na kwarantannę i tylko dziecko będzie miało wykonany test po 7 dniach. Jeśli pozostali domownicy zauważą objawy, to muszą skontaktować się z heilsuvara.is i zarejestrować się na przeprowadzenie testu.

Jeżeli, coś jest niejasne lub chcecie nam coś przekazać, to oczywiście, prosimy o kontakt.

Z serdecznymi pozdrowieniami,

Pozdrawiam,

Imię i nazwisko

Zawód

xxx@xxx.is - Nr. tel. xxx-xxxx

Fylgiskjöl:

[Heimasóttkví](#)

[Börn í sóttkví](#)

[Upplýsingar fyrir börn og ungmenni](#)

[Börn með sértækar umönnunarbærir í sóttkví – leiðbeiningar til forráðamanna](#)

[Vottorð vegna sóttkvíar](#)

Úrvinnslusóttkví - Sniðmát

Bréf 2 – Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. [Heimilað að mæta aftur.](#)

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til þeirra sem voru send í úrvinnslusóttkví.

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í xxx.

Í samráði við smittrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalæknis og til að gæta fyllsta öryggis og varúðar var tekin ákvörðun um úrvinnslusóttkví í gær meðan unnið var að smitrakningu.

Kortlagning smitleiða og samskipti þess smitaða er lokið. Það gleður okkur að tilkynna að eftir þessa yfirferð er ljóst að við getum aflétt úrvinnslusóttkví hjá börnum í námshópi þíns barns. Skólastarf hefst að nýju xxx kl. xxx.

Mikilvægt er að vera sérstaklega vakandi fyrir einkennum og halda sig heima ef einkenna verður vart. Alls ekki fara beint á heilbrigðisstofnun, heldur hringdu fyrst og fáðu leiðbeiningar. Hafðu samband við heilsugæsluna þína, netspjall á heilsuvera.is eða Læknavaktina í síma 1700, og fáðu ráðleggingar.

Þið getið að sjálfsgöðu leitað til okkar ef eitthvað er óljóst eða viljið koma einhverju á framfæri.

Kær kveðja,

Nafn

Starfsheiti

xxx@xxx.is - Sími xxx-xxxx

Úrvinnslusóttkví - sniðmát

Bréf 2 - Enska - Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. [Heimilað að mæta aftur.](#)

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til þeirra sem voru send í úrvinnslusóttkví.

Dear Parents/Guardians,

We consulted the Civil Protection Authority 's Contact Tracing Team and the Office of the Medical Director of Health and yesterday, made the decision to quarantine your child as a precautionary measure to enable the Civil Protection Authority 's Contact Tracing Team to complete their investigation of any further exposure risk.

The Team has now completed its investigation and we are pleased to inform you that your child's group is no longer in quarantine. Your child can return to school on the **xxx** at **xxx**.

We would like to encourage you to be aware of any symptoms and to remain at home if any symptoms arise. Do not visit any healthcare provider if you have symptoms. You should contact your local healthcare centre, the online chat at Heilsuvera.is or call the 1700 hotline if you believe that anyone in your household is infected. Do not visit any healthcare provider if you have symptoms.

We encourage you to contact us if you require any help or information.

Best regards

Name

Occupation

xxx@xxx.is - Sími xxx-xxxx

Úrvinnslusóttkví - Sniðmát

Bréf 2 - Pólska - Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. [Heimilað að mæta aftur.](#)

Powiadomienie wysłane w tradycyjny sposób do osób które poddane zostały kwarantannie podczas dochodzenia epidemiologicznego.

Drodzy xxxxx rodzice/opiekunowie dziecka w xxx

Po konsultacjach ze służbami sanitarno-epidemiologicznymi i podejmując wszelkie środki ostrożności w celu zapewnienia bezpieczeństwa została wczoraj podjęta decyzja o kwarantannie na okres trwania dochodzenia epidemiologicznego.

Proces ustalania dróg szerzenia się zakażenia oraz grupy osób z którymi zakażona osoba miała kontakt, dobiegł końca. Mamy przyjemność poinformować Państwa, że wyniki dochodzenia pozwalają nam na decyzję o zniesieniu kwarantanny w grupie uczniów do której należy Państwa dziecko. Zajęcia szkolne rozpoczną się ponownie dnia xxx o godz. xxx

Ważne aby być czujnym wobec objawów wirusa i w przypadku ich wystąpienia pozostać w domu. Osoby z objawami choroby nie powinny udawać się do żadnej placówki opieki zdrowotnej. Zalecane jest aby w takiej sytuacji kontaktować się telefonicznie z przychodnią, za pomocą czatu na stronie heilsuvera.is lub dzwoniąc na dyżur lekarski (Læknavaktin) pod numerem telefonu 1700.

Jeśli posiadają Państwo jakieś pytania lub informacje związane z powyższym komunikatem prosimy o kontakt.

Pozdrawiam,

Imię i nazwisko

Zawód

xxx@xxx.is - Nr. tel. xxx-xxxx

Úrvinnslusóttkví - Sniðmát

Bréf 3 – Niðurstöður eftir úrvinnslusóttkví. [Sett í sóttkví.](#)

Tilkynning send eftir hefðbundnum leiðum til foreldra/forráðamanna sem voru í úrvinnslusóttkví.

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í **xxx**.

Í samráði við smittrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalæknis og til að gæta fyllsta öryggis og varúðar var tekin ákvörðun að setja börnin í úrvinnslusóttkví í gær meðan unnið var að smittrakningu.

Kortlagning smitleiða og samskipti þess smitaða er lokið og þykir okkur leitt að tilkynna ykkur að það er krafa smittrakningarteymis almannavarna og sóttvarnalæknis að börn í **xxx** í **xxx** skóla, fari í sóttkví frá og með **xxx** þar sem þau voru útsett fyrir smiti vegna COVID-19 veirunnar. Þið munið fá nánari upplýsingar frá smittrakningarteymi almannavarna og sóttvarnalækni á næstu dögum einnig munið þið fá sms með strikamerki sem þið þurfið að framsýna í sýnatökunni.

